

FS: Umsögn um Grænbók um endurskoðun Byggðaáætlunar

Frá : Aðalsteinn Óskarsson <adalsteinn@vestfirdir.is>
Heiti : FS: Umsögn um Grænbók um endurskoðun Byggðaáætlunar
Málsnúmer : 2021010105
Málsaðili : Samgöngu- og sveitarstjórnarrá
Skráð dags : 19.01.2021 12:58:52
Höfundur : Aðalsteinn Óskarsson <adalsteinn@vestfirdir.is>

Viðhengi [Byggðaáætlun_grænbók_desember_2020_1_yfirlestur.pdf](#)
[Byggðaáætlun_grænbók_desember_2020_1_yfirlestur.pdf](#)
[image002.gif](#)
[image001.jpg](#)

Sveitarfélög á Vestfjörðum

(sveitarstjórar og skrifstofustjórar)

Ég vildi kanna hvort unnið sé að umsögn í ykkar sveitarstjórn um efni Grænbókar varðandi stöðu byggðaáætlunar [Grænbók \(7\).pdf](#) sem liggur frammi í Samráðsgátt [Samráðsgátt | Öll mál \(island.is\)](#), frestur til að skila umsögn er 25. janúar n.k.. Samgönguráðherra mun síðan leggja fram endurskoðaða stefnu í byggðaáætlun til 15 ára og framkvæmdaáætlun til fimm ára (Hvítbók) í lok mars n.k. og gefst þá aftur tækifæri til að skila umsögn. Samkvæmt 3. m.m.gr 3. gr laga um Byggðaáætlun og Sóknaráætlun ber að við undirbúning málsins að hafa samráð við Sambandið og sveitarfélögin m.a. var samráðsfundur var haldinn með sveitarfélögum og FV í október s.l. um drög að Grænbók og var þar sjónarmiðum komið á framfæri.

Í viðhengi er Grænbókin með áherslum sem ég merkti við fyrsta yfirlestur, en athygli ykkar á 8. kafla þar sem stillt er upp nokkrum atriðum sem óskað er að umsagnaraðilar velti fyrir sér við gerð umsagnar.

Skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til Alþingis um framkvæmd byggðaáætlunar var lögð fram til kynningar á Alþingi í desember s.l.. Þar er m.a. að finna upplýsingar um stöðu allra 54 aðgerða byggðaáætlunar. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/2020%20Sk%c3%bdrsla%20til%20Al%c3%beingis%20um%20framkv%c3%a6md%20bygg%c3%b0a%c3%a1%c3%a2024.pdf>

Nú er framkvæmd Sóknaráætlana nátengd framkvæmd Byggðaáætlunar og mörkun stefnu hennar snertir því landshlutasamtökin mikið og því mun stjórn FV nýta einnig tækifærið sem hér gefst til að hafa áhrif á þróun áætlunarinnar og því æskilegt að fá skilaboð sveitarfélaganna hvað þetta mál varðar.

f.h. FV

Aðalsteinn



Árnagata 2-4, 400 Ísafirði

Sími + 354 450 3001

GSM +354 862 6092

www.vestfiridir.is



EARTHCHECK
SILVER CERTIFIED
2020

SILFURVOTTUN 2020

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa hlotið
silfurvottun frá umhverfsvottunar-
samtökunum EARTHCHECK